

STJÓRNARTÍÐINDI C 5 – 1995

10. maí 1995

413

Nr. 36

AUGLÝSING

um samning um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum.

Hinn 11. september 1995 var svissneska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var í Lúganó 16. september 1988. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. desember 1995. Samkvæmt lögum nr. 68/1995 hefur samningurinn lagagildi hér á landi og er hann birtur sem fylgiskjal með lögnum í A-deild Stjórnartíðinda.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

10. maí 1995

Nr. 37

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um leit og björgun á sjó, 1979.

Hinn 21. mars 1995 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um leit og björgun á sjó, 1979 sem gerður var í Hamborg 27. apríl 1979. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 20. apríl 1995.

Meginmál samningsins er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðauki við samninginn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR um leit og björgun á sjó, 1979.

Aðilar að samningnum,

veita því athygli að fjölmargir samningar leggja áherslu á mikilvægi þess að aðstoða fólk í sjávarháska og hversu áriðandi er að sérhvert strandríki komi á fót fullnægjandi og skilvirku fyrirkomulagi til að stunda strandgæslu, leit og björgunarstörf,

taka tillit til ályktunar nr. 40, sem samþykkt var af alþjóðlegri ráðstefnu um öryggi mannlífa á sjó, 1960, og staðfestir að æskilegt sé að samræma starfsemi sem lýtur að öryggi á og yfir sjó meðal margra milliríkjastofnana,

æskja þess að þróa og efla slíka starfsemi með því að stofna til alþjóðlegrar leitar- og björg-

INTERNATIONAL CONVENTION on Maritime Search and Rescue, 1979

The Parties to the Convention,

noting the great importance attached in several conventions to the rendering of assistance to persons in distress at sea and to the establishment by every coastal State of adequate and effective arrangements for coast watching and for search and rescue services,

having Considered Recommendation 40 adopted by the International Conference on Safety of Life at Sea, 1960, which recognizes the desirability of co-ordination activities regarding safety on and over the sea among a number of inter-governmental organizations,

desiring to develop and promote these activities by establishing an international maritime